

settur dómari í Norðurmúlasýslu, meðan E. Thorlacius sat á alþingi, kveðið hann upp og það á Eskifirði í Sudurmúlasýslu, þá ber að dæma hjeradsdóminn og alla meðferð málsins í hjerði ómerka, og að vísa málinu frá lögreglu-rjettinum. Málskostnaður á eptir atvikum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjerði skal vera ómerk, og vísast málinu frá lögreglurjettinum. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. júlímán.

Nr. 29/1887.

Rjettvísín

gegn

Lárusi Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu, upp kveðnum 5. nóvembermán. f. á., var hinn ákærði, Lárus Jónsson í Vestri-Bakkabúð á Brimilsvöllum, dæmdur fyrir stórpjófnað og einfaldan pjófnað samkvæmt 63. og 61. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 með hliðsjón af 231. gr. 1. tölul. og 230. gr. sömu laga í fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga, og til þess að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda í hjerði, Ólafs Thorlacius, 4 krónur. Dómi þessum hefur hlutadeigandi amtmaður áfrýjað til yfirdómsins.

Það er með játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu nægilega sannað, að hann hafi eptir rjettir

haustið 1885 tekið eina kind úr fjárhóp, er var á beit í fjörunni á Brimilsvöllum, slátrað henni þar þegar, kastað hausnum og innýflunum í sjóinn, en farið heim til sín með skrokkin og gærana, og virðist hann síðar hafa hagnýtt sjer það. Ákærði vissi eigi, hver átti kindina, enda hefur það eigi orðið upplýst í málinu, en sjálfur átti hann enga kind. Ennfremur hefur hinn ákærði játtað, að hann hafi sumarið og haustið 1885 stolið 10 hertum ísum úr stakki á Brimilsvöllum, tjöruborði úr fjárhúsi á sama bæ, og 4 föðmum af nýju tóverki úr nausti einnig á sama bæ, og loksins hefur hann játtað, að hann hafi hirt og kastað eign sinni á band-reipi og beizli, er vinnumaður Jóns á Brimilsvöllum skildi eptir, reipið úti á víðavangi, en beizlið á Bakkabúð, heimili hins ákærða. — Kindin hefur verið metin á 14—15 kr.; hinir munirnir eru taldir 4—5 króna virði; endurgjalds hefur eigi verið krafizt fyrir þá.—Hinn ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefur eigi áður verið ákærður eða dæmdur fyrir nokkurn glæp. Eptir skýrslum málsins hefur hinn ákærði verið mjög bágstaddur, þó hann eigi væri alveg bjargarlaus, þá er hann stal kindinni, en þetta atvik getur eigi orðið honum til afsökunar eptir 41. gr. hegningarlaganna, og ekki getur heldur það atvik heimilað niðurfærslu hegningarinnar samkvæmt 61. gr. sömu laga, að hann meðgekk kindarstuldinn af sjálfsdáðum, því að eptir hans eigin framburði gjörði hann það eigi fyrri, en þjófaleit var gjörð hjá honum eptir smá-rusli því, er hann hafði tekið ófrjállega, og gjörði hann það þá af hræðslu fyrir því, að kindar-skrokkurinn mundi finnast.

Ofan-greind afbrot hins ákærða heyra undir 231. gr. 1. tölul., 230. gr., 249. gr. og 250. gr. hinna almennu

hegningarlaga, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin, með sjerstaklegu tilliti til 63. gr. 3. másl., 8 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors.

Það hefur að vísu orðið töluverður dráttur á rekstri málsins í hjeraði, þar sem ekkert hefur verið átt við það frá því 24. apríl til 29. september f. á., en þótt hjeradsdómarinn hafi eigi nægilega rjettlætt þennan drátt á sökinni, þykir eigi vera fullkomin ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir, enda hefur rekstur málsins að öðru leyti verið vítalaus af hans hálfu. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Lárus Jónsson, á að sæta betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Um málskostnað í hjeraði á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður. Hinn ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málflytningssmannanna Hannesar Hafsteins og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 krónur til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.